

Akureyrarbær  
Geislagata 9  
600 Akureyri



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Suðurgata 39  
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is  
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Reykjavík, 7. febrúar 2024  
MÍ202303-0014/ 6.06/ 4351

## Strandgata 11b, Akureyri – hækkun og breytingar

Í tölvupósti 21. janúar 2023 óskar Rögnvaldur Harðarson eftir álit Minjastofnunar Íslands vegna Strandgötu 11b. Með erindinu fylgja aðaluppdrættir Rögg teiknistofu af breytingunni, dagsettir 02.01.2023. Sótt er um leyfi til að reisa aðra hæð ofan á húsið og gera á því ýmsar breytingar í tengslum við innréttingu íbúða í því.


Strandgata 11B er einlyft steinsteypt hús. Skv. Fasteignaskrá er það byggt árið 1915 og er því friðað skv. 1. mgr. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Eigendum friðaðra húsa er skylt að leita leyfis Minjastofnunar ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja eða rífa, sbr. 2. mgr. 29. gr..

Minjastofnun Íslands heimilar hér með fyrirhugaðar breytingar á Strandgötu 11b. Tekið hefur verið tillit til athugasemda sem Minjastofnun gerði við verkefnið í fyrri umsögn, dagsettri 21. september 2023. Stofnunin leggur áherslu á að járngluggar á vesturhlið hússins verði varðveittir og notaðir áfram og að nýir gluggar sem gerðir verði á jarðhæð vesturhliðar hússins, taki mið af þeim sem fyrir eru.

Við framkvæmdir í eldri hverfum sem hafa jarðrask í för með sér ber að huga sérstaklega að fornleifum í jörðu. Ef áætlað er að rífa hús og byggja nýtt, grafa kjallara eða stækka grunnflöt húss þarf fulltrúi Minjastofnunar Íslands að meta áhrif jarðrasks á mögulegar minjar áður en hafist er handa. Komi í ljós fornminjar undir yfirborði jarðar í tengslum við framkvæmdir skal stöðva verkið og skýra Minjastofnun frá fundinum svo fljótt sem unnt er, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Virðingarfyllst,

f.h. Minjastofnunar Íslands

  
Pétur H. Ármannsson  
sviðsstjóri umhverfis og skipulags

  
María Gísladóttir  
arkitekt, verkefnastjóri

Afrit í tölvupósti:

Byggingarfulltrúinn á Akureyri, ([steinmar@akureyri.is](mailto:steinmar@akureyri.is))

Sviðsstjóri skipulagssviðs Akureyrarbæjar ([peturingi@akureyri.is](mailto:peturingi@akureyri.is))

Minjasafnið á Akureyri ([minjasafnid@minjasafnid.is](mailto:minjasafnid@minjasafnid.is))

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds. Aðrar stjórnvaldsákvarðanir teknar á grundvelli laga nr. 80/2012 eru kærarlegar til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis. Kærufrestur er þrjú mánuðir frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun og fer málsmeðferð eftir ákvæðum stjórnslulaga nr. 37/1993.